

Rangárþing eystra  
b/t Guðmundur Úlfar Gíslason  
Hlíðarvegi 16  
860 Hvolsvöllur

Reykjavík 16. mars 2020  
UST202003-001/A.B.  
10.04.02

## **Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012 - 2024 fyrir Lambalæk/Kvoslæk**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 2. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna breytingar á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012 - 2024.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að rúmlega 25 ha af frístundasvæði verður breytt í íbúðarbyggð og það sameinað íbúðarsvæði ÍB-366. Þar verður gert ráð fyrir allt að 10 íbúðarhúsum. Í deiliskipulagsbreytingunni verður gerð grein fyrir lóðum, aðkomuvegum, byggingarreitum og byggingum.

### **Landskipulagsstefna**

Þar sem skipulagstillagan tekur til íbúðarsvæðis utan þéttbýlisstaða sveitarfélagsins þá telur stofnunin mikilvægt að það komi fram í tillögunni hvernig hún samrýmist kafla 2.1.1 í Landskipulagsstefnu þar sem fjallað er um sjálfbæra byggð í skipulagsáætlunum, en þar segir: „Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi.“

### **Kvosalækjaá**

Kvoslækjará liggur í gegnum sameinað íbúðarsvæði ÍB-366. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd, segi: „Við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins“. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um áhrif tillögunnar á bakkagróður, skv. 62. gr. náttúruverndarlaga.

### **Vistgerðir**

Í 2. gr. náttúruverndarlaga segir: Til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða, að standa vörð um og efla vistkerfi landsins svo eðli þeirra, gerð og virkni sé tryggð til framtíðar, að varðveita

*tegundir lífvera og erfðafræðilega fjölbreytni þeirra og tryggja ákjósanlega verndarstöðu þeirra þannig að tegundirnar nái að viðhalda sér í lífvænlegum stofnum til lengri tíma á náttúrulegum búsvæðum sínum.*

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin víðikjarrvist og língresis- og vingulsvist sem eru með mjög hátt og hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í língresis- og vingulsvist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps. Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni, fjallað sé um umhverfisáhrif tillögurnar á gróðurfar vistgerðanna og á fuglalífið og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.

Umhverfisstofnun bendir á að hér er sveitarfélagið að skilgreina íbúðarbyggð á 1. flokks landbúnaðarlandi og á vistgerðum sem hafa hátt og mjög hátt verndargildi samkvæmt alþjóðlegum samningum. Því ítrekar stofnunin mikilvægi þess að það komi fram hvernig tillagan samrýmist kafla 2.1.1 í Landskipulagsstefnu þar sem fjallað er um sjálfbæra byggð í skipulagsáætlunum.

Auk þess vill Umhverfisstofnun benda á að í kafla 3.2.1 í Landskipulagsstefnu sem nefnist „*Vöxtur þéttbýlisstaða*“ segir að „*sveitarfélög skuli skilgreina í aðalskipulagi vaxtarmörk þéttbýlisstaða með það fyrir augum að efla viðkomandi þéttbýlisstað og standa vörð um verðmæt náttúrusvæði og landbúnaðarland. Skýr skil verði milli þéttbýlis og dreifbýlis. Almennt verði haft að leiðarljósi að þetta byggð og blanda atvinnustarfsemi, verslun og þjómustu, og tengja við íbúðarbyggð í þágu sjálfbærni daglegs lífs og aukinna lífsgæða.*“

Virðingarfyllst

Axel Benediktsson  
sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur